

PENGUARD STAYER

Penguard Stayer er tvíþátta epoxý-grunnur, sem inniheldur járnnoxíðflögur.

Litur: Grár **Purrefni:** (% af rúmmáli): 50 ± 2 **Blossamark:** 25°C **Áferð:** Mött **Sveigjuþol:** Gott **Vatnsþol:** Mjög gott **Slitþol:** Mjög gott **Leysiefnaþol:** Frábært **Efnaþol:** Frábært



Grunnur eða málning í milliumferð í epoxýmálningarkerfi við mjög tær-andi aðstæður. Penguard Stayer hefur engin takmörk á hámarkstíma til yfirmálunar.

Efnisnotkun:

Filmuþykkt í umferð - míkron

	Þurr	Blaut
Möguleg:	80 - 160	160 - 320
Dæmigerð:	100	200

Reiknuð þekja - m²/l

Möguleg: 6,3 - 3,2

Dæmigerð: 5,0

Undirbúningur flatar:

Hreinn, þurr og óskemmdur sandblástursgrunnur (shopprimer) eða sandblástur í Sa 2.5 (ISO 8501-1:1988/SS 05 5900).

Áhöld: Háþrýstisprauta, pensill fyrir minni verk.

Blöndun herðis (rúmmál): 4 hl. A (stofn) á móti 1 hl. B (herðir), blandið 1/2 klst fyrir notkun.

Þynnir / Hreinsun áhalda: Epoxýþynnir, (Jotun þynnir Nr. 17).

Notatími (við 23°C): 8 klst. (styttist við hærra hitastig).

Háþrýstisprauta, leiðbeiningar : Þrýstingur við spíss 15 MPa (150 Bar, 2100 psi.)

Spíss: 0,021" -- 0,027" (0,53 -- 0,69 mm).

Spautugeisli: 40 -- 80°.

Sigti: Athugið að sigti séu hrein. Flöturinn sem mála á, skal vera minnst 10°C og lágmark 3°C yfir daggarmörkum loftins. Daggarmörk skal meta við undirlagið. Þegar málað er í þröngu loftlitlu rými er góð loftræsting nauðsynleg. Hlífa skal Penguard Stayer þar til filman er fullhörðnuð.

Þurrktími:

Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftins, hitastigi, filmuþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:

- Góða loftræstingu (utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu).
- Ráðlagða filmuþykkt.
- Eina umferð á óvirkt undirlag.



Hitastig undirlags	10 °C	23 °C	35 °C
Snertiþurrt	120 mín.	60 mín.	30 mín.
Gegnumþurrt	14 klst.	7 klst.	3,5 klst.
Full hörðnað	14 dagar	7 dagar	3 dagar
Yfirmálunartími			
Lágmark	14 klst.	7 klst.	3 klst.
Hámark ¹	-----	-----	-----

¹ Sé tryggt að flöturinn sé laus við öll óhreinindi og hafi ekki mattast af völdum veðrunar þá er almennt ekki um hámark á yfirmálunartíma að ræða. Besta viðloðun milli umferða fæst samt sem áður þegar seinni umferðin er máluð áður sú fyrri er fullhörðnuð. Ef sól hefur skinið beint á málninguna um skeið þá verður að matta/fjarlægja ysta yfirborð málningarinnar til að ná góðri viðloðun.

Líta verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmuþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna, styrk filmunnar á fyrstu stigum o.fl.